

ÞRÍKROSSINN

tákn Heilagrar þrenningar

Þríkrossinn er fallegur skartgripur með táknræna merkingu. Hann er tákn hinnar heilögu þrenningar og hefur verið blessaður af páfanum. Margir líta á Þríkrossinn sem sérstakan verndargrip og hann hefur verið afar vinsæll til gjafa við hin ýmsu tækifæri. Þríkrossinn er seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi og fæst hjá gullsmiðum víða um land.

Það var Ásgeir heitinn Gunnarsson forstjóri sem hannaði þennan sérstaka skartgrip sem byggist á tengingu þriggja krossa sem tákna heilaga þrenningu. Tákníð, sem er gert úr þremur samtengdum krossum, er úr 14 kt. þrílitu gulli, gulu, rauðu og hvítu. Hann er fáanlegur í fjórum stærðum sem hálsmen. Einnig er hægt að fá hann sem barmmerki, bindisnælu, eyrnalokka, skeið og gaffal fyrir börn.



Þríkross hálsmen fæst í 4 stærðum:

Stærð 1: 36 mm x 30 mm

Stærð 2: 25 mm x 20 mm

Stærð 3: 18 mm x 13 mm

Stærð 4: 12 mm x 8 mm



Þríkross silfurbindisnæla



Þríkross silfurnæla á íslenska þjóðbúninginn



Þríkross barmmerki



Þríkross eyrnalokkar



Þríkross silfurgaffall



Þríkross silfurskeið

Þetta er í fyrsta sinn, svo vitað sé, sem þremur krossum er raðað saman á þennan hátt í helgi- eða skartgripum.

Þríkrossinn hlaut blessun Jóhannesar Páls II páfa við messu á Landakotstúni, sunnudaginn 4. júní 1989 þegar hann kom til Íslands og þáði páfi við það tilefni kross að gjöf sem nú er varðveittur í Vatíknainu í Róm. Þá hefur biskup Íslands blessað Þríkrossinn og fyrrverandi forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, þegið hann að gjöf.



Jóhannes Páll II páfi og frú Vigdís Finnbogadóttir

Fáir skartgripir hafa eins táknræna merkingu og Þríkrossinn. Sem gjöf lýsir hann góðum hug gefanda og væntumþykju sem og ósk um að veita þeim sem þiggur eilífa vernd.

ÞRÍKROSSINN

*fagurt tákn heilagrar þrenningar,
íslenskur verndargripur sem er seldur
til styrktar blindum.*

Hönnuður: Ásgeir Gunnarsson



BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Dreifing: Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík, Ísland
sími: 525 0000 - fax: 525 0001
netfang: blind@blind.is - heimasíða: www.blind.is